

## FW: Tilnefningar til jafnréttisviðurkenninga 2014

**Til** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Frá** : Steinunn Þorsteinsdóttir  
**Heiti** : FW: Tilnefningar til jafnréttisviðurkenninga 2014  
**Málsnúmer** : 1401815  
**Málsaðili** : Jafnréttisráð  
**Skráð dags** : 28.01.2014 14:16:00  
**Höfundur** : Steinunn Þorsteinsdóttir

**Viðhengi** image005.gifimage005.gif  
image004.pngimage004.png

B.t. yfirstjórnenda allra sveitarfélaga

Athygli er vakin á því að jafnréttisráð hefur óskað eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenninga 2014, fyrir 13. febrúar nk. Sveitarfélög, sem hafa gert átak í jafnréttismálum, eru hvött til að senda inn tilnefningu. Nánari upplýsingar hér að neðan og á <https://www.facebook.com/jafnrettisrad?ref=hl>



## Jafnréttisviðurkenningin 2014

**Jafnréttisráð óskar eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2014.** Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála. Í ár stendur til að veita tvær viðurkenningar. Eina til fyrirtækis, sveitarfélags eða stofnunnar og aðra til einstaklings, hóps eða félagasamtaka.

**Rökstuðningur vegna tilnefningar skal fylgja með.** Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, hópar eða félagasamtök geta hvort heldur tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum. Til að koma til álita við veitingu Jafnréttisviðurkenningarinnar þarf viðkomandi aðili að vera tilbúinn að taka á móti fulltrúum Jafnréttisráðs og svara spurningum þess.

Tilnefningum skal skilað eigi síðar en **13. febrúar 2014** til Jafnréttisráðs, á heimilisfangið Borgum, 600 Akureyri, í síma 460 6200, eða tölvupósti [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is).

Jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs hefur verið veitt með hléum frá árinu 1992. Eftirfarandi aðilar hafa hlotið viðurkenninguna: Guðrún Jónsdóttir, Kvennalandsliðið í fótbolta, Alcoa Fjarðarál, Menntaskólinn í Kópavogi, SPRON, Háskóli Íslands, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Kvenréttindafélag Íslands, Orkuveita Reykjavíkur, VR, Auður Eir Vilhjálmisdóttir, Bjarnfríður Leósdóttir, Heglá Kress, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Svava Jakobsdóttir, Vigdís Finnbogadóttir,

Eimskip, Reykjavíkurborg, Hjallastefnan, Íslenska álfélagið, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Hans Petersen, Íþróttasamband Íslands og Akureyrarbær.



**Anna Guðrún Björnsdóttir**

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)